

Nd. **196. Frumvarp til laga** [158. mál]
um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Eigendur þeirra fasteigna sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds skulu á árinu 1981 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskyldan hvílir á þeim aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I kafla laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum og auk þess bönkum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1980 á þeirri fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgangsskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1980.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1981 skal fylgja skrá yfir eignir þær sem falla undir lög þessi, ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð, eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra, í árslok 1980. Ennfremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Þeir aðilar sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara, en undanþegnir eru tekju- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1981 skila skráum skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,4% af skattstofni skv. 3. grein. Skattinn skal leggja á í heilum tugum nýkróna þannig að lægri fjárhæð en 10 nýkr. sé sleppt. Sérstakan eignarskatt sem ekki nær 1000 nýkr. skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII—XIV kafla laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1981 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1982. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 112/1978 var á árinu 1979 lagður á i fyrsta sinn sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Með lögum nr. 29/1980 var ákveðið að á sama hátt og á árinu 1979 skyldi sérstakur skattur lagður á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á árinu 1980. Tekjur af skatti þessum á árinu 1980 eru áætlaðar 1440 m.kr. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari. Af þessum sökum er frumvarp þetta lagt fram og er það efnislega samhljóða lögum nr. 29/1980. Samkvæmt tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að álagning skattsins nemi 2425 m.kr. en innheimta 2200 m.kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum árunna 1979 og 1980.